

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (Indlæg)

Fundarstjóri. Mikilvægi norðurslóða verður æ betur ljóst, pólitískt, vistfræðilegt og efnahagslegt mikilvægi en ekki síður í öryggislegu tilliti. Breytingin á umhverfisaðstæðum á norðurslóðum er mun hraðari en við var búist fyrir einungis fimm árum, bráðnun heimskautaíssins og þar með stóraukin skipaumferð um Barentshaf er ný áskorun. Fyrirtæki undirbúa nú viðamikla auðlindanýtingu, t.d. olíuvinnslu. Þannig hafa norðurslóðir fengið stóraukna alþjóðlega athygli og æ fleiri ríki, stórfyrirtæki og stofnanir og samtök ásælast hlutdeild í gæðum og möguleikum Norðurskautsins.

Stórveldin hafa jafnframt skilgreint þetta svæði sem hernaðarlega mikilvægt. Heræfingar og hernaðarleg viðvera hefur færst í aukana á svæðinu þannig að það er að mörgu leyti uggvænleg þróun á þessu sviði og ýmsar blikur á lofti í samskiptum þeirra þjóða sem þarna eiga hagsmuna að gæta.

Valdastjórnsmálin eru þannig farin að yfirskyggja samvinnu ríkja eftir því sem stórveldin gera sig meira gildandi. Þetta er að mörgu leyti uggvænleg þróun og ekki góð. Norðurlöndin eiga mikið undir því að styrkja Norðurskautsráðið og framkoma Rússa í austanverðri Evrópu undirstrikar best nauðsyn þess að Norðurlönd og Vesturlönd standi saman á öllum sviðum. Í þessu sambandi vil ég líka nefna hið svokallaða fimm ríkja samstarf um norðurskautsmálefningin sem eru talandi dæmi um þessa valdapólitík sem þyrfti núna að víkja fyrir raunverulegri samstarfspólitík því að hér er mikið í húfi.

Skandinavisk oversættelse

Ordstyrer. De arktiske egnes vigtighed bliver stadig klarere, politisk,

miljømæssigt og økonomisk, men også sikkerhedspolitisk. De miljømæssige ændringer i Arktis er en del hurtigere end forudset for blot fem år siden, polarisens nedsmeltning er en ny udfordring og dermed også en kraftigt øget skibstrafik i Barentshavet. Virksomheder er i gang med at forberede en omfattende udnyttelse af ressourcerne, fx olieudvinding. Dermed er en kraftigt øget international opmærksomhed rettet mod Arktis og stadig flere stater, store virksomheder og institutioner samt organisationer higer efter at få en del i de arktiske egne goder og muligheder.

Endvidere har stormagterne defineret området som strategisk vigtigt. Militærøvelser og militær tilstedeværelse er øget i området, og dermed sker der på mange måder en bekymrende udvikling på dette område, og usikkerhed præger forholdet mellem de lande, der har interesser at varetage i området.

Magtpolitikken er således begyndt af overskygge samarbejde mellem stater i takt med, at stormagterne gør sig mere gældende. Det er på mange måder en ildevarslende og ikke god udvikling. Det er vigtigt for Norden, at Arktisk Råd bliver styrket, og Ruslands fremfærd i det østlige Europa understreger bedst nødvendigheden af, at Norden og Vesten står sammen på alle områder. I denne forbindelse vil jeg også nævne det såkaldte fem staters-samarbejde om arktiske anliggender, som er et beskrivende eksempel på den magtpolitik, som burde vige for reel samarbejdspolitik, da meget er på spil.

Informasjon

Tale nummer

180

Type

Indlæg

Person

[Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir](#)

Speaker role

Socialdemokratisk Gruppe

Dato

28.10.15 17:09